

hefur fengið bréf frá fyrrverandi ástmanni sínum í Frakklandi og Þorleifur hefur opnað bréfið. Það kostar rífrildi sem fljótleiga leiðir áheyrandann í allan sannleik um samband þeirra hjóna. Þorleifur var einu sinni skemmtilegur, frumstæður og ekta og Anna hreifst af honum þess vegna. Nú er hann orðinn hálfgerður ómagi, upp á hana kominn og vafamál hve spennandi hann er. „Þú ert svo skáldlegur elskan mín,“ segir hún, og hæðist að honum. Það kemur á daginn að Þorleifur hefur átt við áfengisvandamál að glíma og Anna hefur drifið hann út á land með sér í þeirri von að allt tæki betri stefnu.

Dapurlegasti þáttur leikritsins er sá sem greinir frá því hve einskisnýtur Þorleifur er. Hlutverkaskiptin hafa ekki orkað vel á hann. Bókin sem hann ætlaði að skrifa, Flóttinn, er óskrifuð. Sjálf-


ur segir hann: „Ég er einmana, ég er að tryllast af einmanakennd.“ Eftir deilur þeirra hjóna flýr Þorleifur út í nóttina og snjóinn. Anna eltir hann. Myrkrið fer inn í Þorleif. Anna vill þrátt fyrir allt halda sambandinu áfram þótt áheyrandinn sé þeirrar skoðunar að svona hjónaband sé vonlaust.

Hér var á ferð efniviður sem meira hefði verið hægt að gera úr þótt sumt tækist laglega. Olga Guðrún Árnadóttir hefur margt til mála að leggja, en útvarpsleikrit dugði henni ekki til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á nógu eftirminnlegan hátt. Leikstjórn Arnars Jónssonar var enginn styrkur. Edda Björgvinsdóttir í hlutverki Önnu var slarkfær. Guðmundur Ólafsson aftur á móti ómögulegur í hlutverki Þorleifs. Sólveigu Arnadóttur heyrði ég ekki. Leikritið var auglýst á dagskrá kl. 20.30, en hófst fyrr.



stundað nám þar í landi. En ef ég veit rétt, eru norskir skólar á listasviðinu nokkuð fast mótaðir, og má jafnvel rekja slóð þeirrar myndlistar til manns eins og Sörrensens. Væri sanngjarnara að nefna þetta fyrirbæri Norska skólann, með með þeirri skilgreiningu skulum við skilja við þetta fyrirbæri.

Að mínum dómi eru hæfileikar fyrir hendi hjá Kristjáni Jóni, og það er ekki víst, að hann hafi þegar gert sér grein fyrir, hvernig þeir nýtast best. Það er alltaf erfitt að fikra sig eftir þeirri braut, sem listin leggur fólki, og oft á tíðum tekur það drjúgan tíma að komast á leiðarenda. Það er hressilegur blær, alvörukennður og yfirvegaður á þeim verkum, sem Kristján Jón Guðnason sýnir í Gallerí 32. Ég óska Kristjáni Jóni til hamingju með þann áfanga, er markast af þessari sýningu hans og vonast til að fá framhald við tækifæri. Þótt hér séu misjöfn verk á ferð, er meirihlutinn listamanninum til sóma.



ádeins nokkur verk, sem mér eru sérlega minnisstæð eftir að hafa heimsótt þessa sýningu: No. 5, 8, 16 og 20. En það er erfitt að gera mun á þessum verkum, þar sem þessar múrristur eru afskaplega líkar að myndrænum gæðum.

Vönduð sýningarskrá er með þessari sýningu, þar sem bæði listamaðurinn og Baltasar gera grein fyrir þessari aðferð, og getur fólk lesið sér til um múrristur í þeim texta. Það er því alger óþarfi

á endursegja það hér, og vísa ég til sýningarskrár Gunnsteins.

Persónulega hefði ég ánægju af að sjá þessa sýningu, og það er mitt álit, að hér komi fram efnilegur listamaður, sem færir okkur nýjung í veggmyndagerð, sem ég vonast til, að arkitektar okkar sjái sér fært að gefa gaum og hagnýti sér kunnáttu og listfengi þessa nýgræðings í myndlist okkar. Svo þakka ég fyrir ánægjuna og enda þessar línur.




Hljómlistarmennirnir sem koma fram á háskólatónleikunum í Norræna húsinu: Richard Korn, Isidor Weiser, Einar Jóhannesson, Sesselja Halldórsdóttir, Helga Þórarinsdóttir — og í fremri röð: Jean Hamilton, Júlíana Elín Kjartansdóttir og Joseph Ognibene.



# LOOK


## skíðabindingar




Look 27. Verð kr. 669.




Look 37. Verð kr. 864.




Look 77R. Verð kr. 1259.




Look 77C. Verð kr. 1085.



Look GT. Verð kr. 492.



Look 17. Verð kr. 449



Look Junior. Verð kr. 460.

## Fjölmarginar gerðir



## ÚTILÍF

Glæsibæ, sími 82922.